

**Sp.**

**32. Tillaga til þingsályktunar**

**[32. mál]**

um hafsbotnsréttindi Íslands í suðri.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Halldór Blöndal, Sverrir Hermannsson, Guðmundur Karlsson, Jósef H. Þorgeirsson, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar á það reyna, hvort samkomulag geti náðst við Færeyinga um sameiginlega réttargæslu á Rockall-svæðinu í samræmi við ályktanir Alþingis frá 22. desember 1978 og 19. maí 1980. Jafnframt verði haldið áfram samkomulagsumleitunum við Breta og Íra um eignar- og umráðarétt hafsbotnsins á Rockall-sléttu.

Sameinað Alþingi kjósi með hlutbundinni kosningu fimm menn sem starfi með ríkisstjórninni að framgangi málsins.

**Greinargerð.**

Strandþjóðir víða um heim eru nú sem óðast að tryggja hafsbotnsréttindi sín utan 200 mílna efnahagslögsögu samkvæmt hinum nýja hafréttarsáttmála. Beinna aðgerða er þörf af strandríkisins hálfu samkvæmt 76. gr. hafréttarsáttmálans til að það öðlist þessi réttindi. Fyrir löngu er því ljóst orðið að Íslendingar þurfa að fylgja fram ályktunum Alþingis frá 22. desember 1978 og 19. maí 1980 af festu og engum tíma má lengur glata.

Í þeim tilgangi að hraða framgangi málsins og tryggja fulla einingu innanlands er tillaga þessi flutt.

Hér fara á eftir helstu rök, sem Íslendingar hafa sett fram til stuðnings réttindakröfum sínum.

Í 76. grein hafréttarsáttmálans eru mjög flóknar reglur um rétt strandríkis til hafsbotnsins utan 200 mílnanna, þar sem meðal annars er miðað við þykkt setlaga, 2500 metra

dýptarlínu, 350 mílna víðáttu frá grunnlínum o. s. frv. En megináhersla er lögð á það, sem kallað er eðlileg framlenging landsins eða „natural prolongation“, en nákvæma skilgreiningu þess hugtaks er þó hvergi að finna, en almennt viðurkennt að þar geti bæði verið um að ræða lögun hafsbotsins, „landslagið“, og eiginlega jarðfræði, þ. e. a. s. að uppruni og efni botnsins séu sömu gerðar og landsins. Er þá talað um tvær megingerðir, þ. e. a. s. úthafsbotn eða basalt og meginlandsgerð gamals bergs eða setlaga.

Vísindamenn eru sammála um að Rockall-hásléttan sé meginlandsgerðar, þ. e. a. s. að um sé að ræða sokkið land sem klofnað hafi frá Bretlandseyjum fyrir 100—170 milljónum ára og sumir telja jafnvel enn lengra um liðið. Þarna er um að ræða hina upprunalegu klofnun, þegar Atlantshaf tók að myndast. Þá myndaðist Rockall-trog. Land þetta var þá áfast við Grænland, en klofnaði frá því er nýr rekás myndaðist, núverandi Reykjanes-hryggur, fyrir um það bil 60 milljónum ára. Á hinn bóginn er ljóst að Ísland er miklu yngra og af basaltgerð, og hið sama er talið eiga við um hinn mikla Íslands-Færeyjahrygg og Grænlands-Íslandshrygg. Þess er þó að gæta, að rannsóknir eru hvergi nærri fullnægjandi, og eins hins, að allt umhverfi Íslands er talið einstætt á jarðarkringlunni.

Vegalengdin frá Bretlandseyjum að Rockall-hásléttunni er um 200 mílur, en um 250 mílur eru milli hennar og Íslands annars vegar og Færeyja hins vegar. Fljótt á titið kynni maður því að ætla að Bretar og Írar ættu meira tilkall til þessa hafsbotssvæðis en Íslendingar og Færeyingar. Þessum sjónarmiðum mótmælum við algjörlega og færum m. a. þau rök, að í þeirri gjá, sem nefnd er Rockall-trog, sé úthafsbotn á allt að 3000 metra dýpi og út yfir þá gjá geti ekki verið um að ræða neitt eðlilegt framhald eða framlengingu bresks og írsks lands. Færeyingar gera sér auk þess vonir um að geta fært sönnur á að þetta sokkna land teygji sig djúpt í jörðu inn undir Færeyjar, og við bendum m. a. á þær staðreyndir, að sömu jarðfræðilegu umbrotin hafi sett einkenni sitt á jarðsögu alls svæðisins vestan Rockall-trogs síðustu 100 milljón ár a. m. k. og þar sé ekki um nein jarðfræðileg tengsl á þeim tíma við Bretland að ræða. Styðjumst við þar m. a. við gagnmerka og langa ritgerð, sem prófessor E. D. Brown, sérfræðingur í alþjóðalögum við háskólann í Wales, ritaði 1978, þar sem hann dregur mjög í efa, að Bretar og Írar eigi nokkurt tilkall til Rockall-svæðisins, einkum þó Írar. Hins vegar sé réttur Færeyinga meiri, en á Ísland minnst hann ekki enda höfðum við þá ekkert tilkall gert til áhrifa á svæðinu.

Írar munu raunar um síðir hafa áttað sig á veikleika sínum og því reynt að bæta um í 76. grein með setlagakenningu sem gengur undir nafninu „írska reglan“. Og þar sem allmikil setlög eru í Rockall-trogi telja þeir sig hafa öðlast tengingu við neðansjávarhásléttuna. Sá galli er þó á gjöf Njarðar, að þessi set hafa borist norðan úr höfum, að miklu leyti að minnsta kosti, og hitt kann ekki síður að reynast þeim skeinuhætt, að í upphafi 76. greinar er gengið út frá því, að framlenging botnsins þurfi að vera samfelld frá landhelgismörkum, þ. e. a. s. 12 mílum. Sú framlenging þarf að gerast óslitið eða „throughout the natural prolongation“. Vegna Rockall-trogs er ekki hægt að líta á þessa framlengingu sem óslitna.

Bretar aftur á móti telja sig fá tengingu við Rockall-svæðið eftir svonefndum Wyville-Thomson-hrygg, sem er suður af Færeyjum, en bæði er hann heldur lítilfjörlegur og þar að auki af gerð úthafsbotns. Þá hafa þeir og gert sér vonir um að tilvist Rokksins sjálfs á útjaðri Rockall-hásléttunnar styrkti stöðu þeirra. En hvort tveggja er, að öllum réttindum þeim til handa að því er klettinn varðar er mótmælt bæði af Dönnum fyrir hönd Færeyinga og af okkur Íslendingum og í þriðju málsgrein 121. greinar hafréttarsáttmálans er skýrt tekið fram að klettur á borð við Rokkinn hafi enga efnahagslögsögu eða hafsbotsréttindi, þ. e. a. s. aðeins tólf mílna landhelgi.

Þótt við Íslendingar mótmælum harðlega einhliða rétti Breta og Íra til að teygja hafsbotsréttindi sín út fyrir 200 mílurnar höfum við ekki mótmælt því, að Færeyingar hefðu réttindi á þessu svæði, heldur þvert á móti óskað margsinnis eftir nánú samstarfi við þá og

Dani fyrir þeirra hönd, en það verður að segja þá sögu eins og hún er, að þeir eru furðulega svifaseinir.

En þótt við mótmælum öllum einhliða réttindum Breta og Íra höfum við engu að síður boðið þeim til samningaviðræðna, enda er það grundvallarregla þess hafréttar, sem nú er óðum að verða til á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, að ágreiningsmál eigi að leitast við að leysa með samkomulagi. Og Bretar hafa fagnað því, að við nálgumst málið með þessum hætti. Kom það sérstaklega ljóst fram á þeim formlega viðræðufundi sem haldinn var í Genf í ágústmánuði 1981.

Við Íslendingar færum fjölmörg rök fyrir réttindum okkar á Rockall-hásléttunni og skulu nokkur talin:

1. Sanngirni er sú meginregla sem ríkja á samkvæmt orðum og anda hafréttarráðstefnu og hafréttarsáttmála, og sanngjarnt hlýtur það að teljast, að við eigum einhverja íhlutun í þessum réttindum, a. m. k. ef Írar eiga það. Og sanngjarnt hlýtur það líka að teljast, hvernig við höfum nálgast málið.
2. Í 100 milljónir ára hafa sömu jarðfræðilegu umbrotin sett einkenni sitt á jarðsögu Rockall-hásléttu, Íslands og Færeyja.
3. Eftir Íslands-Færeyjahryggnum tengjumst við Hatton-banka beint, en hryggurinn er náttúrulegt framhald Íslands.
4. Íslands-Færeyjahryggurinn er af sérstakri tegund úthafsskorpu sem kölluð er „Icelandic type crust“.
5. Dýpi frá Íslandi til Hatton-banka er hvergi meira en 2500 metrar, sem er sú viðmiðun sem getið er í 76. grein. Allmikil setlög, sem myndast hafa af framburði íslenskra fljóta, eru meðfram Hatton-banka og allt suður í Biskayaflóa.
6. Ef miðlínuregla væri látin gilda mundi svo til allur Hatton-banki falla í hlut Íslendinga.
7. Á Íslands-Færeyjahrygg hafa fundist set mynduð á landi í borkjarna á 1300 metra dýpi frá sjávarmáli.
8. Jarðfræðisaga Íslandssvæðisins allt frá Grænlandi, Jan Mayen og Færeyja- og Rockall-svæðinu er einstök á hnettinum.
9. Orðin eðlilegt framhald, „natural prolongation“, hafa ekki verið skilgreind á neinn afgerandi hátt, þannig að eðli máls á að ráða, enda tilbrigðin óteljandi á heimshöfunum.
10. En sú regla, sem myndaðist með Jan Mayen-samkomulaginu, á að vera vegvísir að lausn ágreiningsmála þessara fjögurra nágrannaþjóða.
11. Ef ekki næst samkomulag þeirra þjóða, sem tilkall gera til svæðisins, gæti svo farið að engin fengi neitt, en svæðið yrði alþjóðlegt.

Í niðurstöðum sáttanefndarinnar í Jan Mayen-málinu er þess í fyrsta lagi getið, að nefndin sé þeirrar skoðunar, að hugtakið „natural prolongation“ hæfi ekki við lausn deilunnar, en nefndin hafi rækilega athugað ýmiss konar dómsniðurstöður og venjur sem leiði til sanngjarnrar lausnar. Nefndin kemst síðan að þeirri niðurstöðu, að heppilegust sé sameign og samnýting auðlinda, og segir að ástæðan fyrir þeim tillögum sínum sé meðal annars sú að hvetja til enn frekari samvinnu og vinsamlegra samskipta milli Íslands og Noregs.

Í viðtali við Morgunblaðið 6. júní 1981 segir Hans G. Andersen sendiherra um Jan Mayen-samkomulagið m. a.:

„Þetta verður í fyrsta skipti sem slíkur samningur er gerður á grundvelli uppkastsins að hafréttarsáttmála og verður að skoðast sem þýðingarmikið framlag við þróun þessara mála.“ Hann segist mega fullyrða „að það sé leitun að öðrum tveim þjóðum, sem hefðu getað komið sér saman um slíkt“. En bætir þó við síðar í viðtalinu:

„Og þá er mikill styrkur fyrir okkur að hafa þessa lausn í höndum, og enginn efi er á því, að Bretar, Írar og Danir munu kynna sér þessi gögn rækilega, og vissulega væri ánægjulegt ef tækist að vinna í svipuðum anda að lausn Rockall-málsins í þeim viðræðum sem fyrirhugaðar

eru, enda er þar einnig um nágranna- og vinabjóðir að ræða sem einmitt hljóta að leita að sanngjarnri lausn miðað við allar aðstæður.“

Það kom einnig í ljós í hinum formlegu viðræðum við Breta í Genf að Jan Mayen-samkomulagið hafði vakið athygli þeirra og þeir kváðust hafa kynnt sér það og mundu kanna það miklu nánar.

Allir velviljaðir menn hljóta að vona og treysta að ágreiningurinn um Rockall-hásléttuna leysist með einhverjum hætti á svipaðan veg og gerðist að því er Jan Mayen-svæðið varðar. Það væri öllum þeim, sem málið snertir, til sóma, en ekki síst til gagns, aukinna samskipta og traustari vináttubanda í brád og lengd. Þótt einhvers konar skipting Rockall-hásléttunnar komi auðvitað til greina væri áreiðanlega happadrýgst að um sameign og samnýtingu yrði að ræða með svipuðum hætti og er á Jan Mayen-svæðinu.